Undirritaðir, annarsvegar Stofnlánadeild sjávarútvegsins héreftir nefnd seljandi og hinsvegar Oddafell h.f., Bakkafirði, héreftir nefnt kaupandi, gerum hér með okkur svofelldan

## K A U P S A M N I N G:

Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa Síldar- og fiskimjölsverksmiðju á Bakkafirði, sem seljandi eignaðist með uppboðsafsali dags. 16.þ.m., allt ásamt tilheyrandi vélum, tækjum og áhöldum, allt að engu undanskildu eins og seljandi eignaðist hið selda, allt í núverandi ástandi sem kaupandi hefir kynnt sér og sættir sig við í einu og öllu.

Kaupverð hins selda, samtals kr. 9.988.000,00 - níu milljónir níu hundruð áttatíu og átta þúsund krónur - lofar kaupandi að greiða eins og hér skal greint.

I. Kaupandi tekur að sér greiðslu eftirtalinna lána er hvíla á hinu selda:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.vrj. | Framkv.b.Ísl. dags. 30/8'62 nú kr. | 520.502,00 | 515.358,00 |
| | - forv.til 1/10 nk. | 4.144,00 | |
| 1. " | Sami dags.s.d.nú Sv.fr. | 45.192,00 | |
| | - forv. - 1/10 nk. | 373,50 | |
| | | 44.818,50 | 446.190,55 |
| 2. " | Atvinnl.tr.sj. dags.28/8'62 nú | | 220.000,00 |
| 3. " | Eig.sérsk.br. dags.24/9'62 | 1.100.000,00 | |
| | - forv. - 1/10 nk. | 8.500,00 | 1.091.500,00 |
| 4. " | Atvinnl.tr.sj.dags.20/2'63 nú | | 160.000,00 |
| | auk vaxta frá 30/1'66-1/9'66 | | 8.868,00 |
| 5. " | Ríkissj.Ísl.dags.9/10'63 nú £ 6.661-6-4 ísl.kr. | | 800.360,00 |
| | auk vaxta frá 1/5 sl.-1/9'66 | | 20.010,00 |
| 6. " | Framkv.b.Ísl.dags.28/10'63 nú | 585.075,00 | |
| | - forv.til 1/10 nk. | 4.735,00 | 580.340,00 |
| 7. " | Lífeyrsj.Stm.R.dags.25/11'65 nú | | 433.333,34 |
| | auk vaxta frá 27/11'65-1/9'66 | | 31.218,00 |
| 7. " | Atvinnl.tr.sj. dags.19/12'63 nú | | 216.666,66 |
| | auk vaxta frá 20/12'65-1/9'66 | | 14.294,00 |
| 8. " | Framkv.b.Ísl.dags.12/2'54 nú kr. | 220.000,00 | |
| | - forv. til 1/10'66 | 1.753,00 | 218.247,00 |
| 8. " | Sami dags.12/3'65 nú Sv.fr. | 16.097,36 | |
| | - forv. - 1/10'66 | 128,26 | |
| | Sv.fr. | 15.969,10 | 158.980,00 |
| 9. " | Stofnl.d.sjáv.dags.16/6'65 nú | | 1.875.000,00 |
| | auk vaxta frá 1/5'66-1/9'66 | | 49.583,00 |
| | Alls yfirtekin lán þá kr. | | 6.840.948,55 |

II. Með skuldabréfi er kaupandi gefur út til 4ra ára með hæst-lögleyfðu fasteignalánavöxtum, eftirágreiddum. Fyrsta afborgun kr. 525.000,00 verði 15. ágúst 1967 og síðan hinn 15. ágúst næstu 3 ár þar á eftir kr. 825.000,00 afborgun í hvert sinn. Bréfin verði tryggt með veði í hinu selda næst á eftir nú áhvílandi veðskuldum. 3.000.000,00

III. Með peningagreiðslu hinn 3. jan. n.k. 147.051,45

Alls kr. 9.988.000,00

Í sambandi við ofangreind áhvíldandi lán er kaupandi tekur að sér, gildir sú regla, að lán gjaldfallin fyrir 1. nóv. n.k. skal seljandi gera skil á hvað afborganir og vexti snertir en l gjaldfallin 1. nóv. n.k. eða síðar en þau eru nú öll í skilum, skal kaupandi sjá um að gera skil á, en eftirstöðvar lána þeirr er greinir hér að ofan eru miðaðar við eins og þær eiga að verð er seljandi hefir gert skil á þeim.

Kaupandi skal eiga rétt á afsali er hann hefir staðið við framangreinda kaupskilmála og þar á meðal greitt þær kr.147.051 er honum ber að greiða hinn 3. jan. n.k., þó skal hann eiga rét á afsali fyrr ef hann fullnægjir téðum kaupskilmálum fyrr.

Nú áhvílandi framangreind lán í erlendri mynnt er hvíla á hinu selda tekur kaupandi að sér í þeirri mynnt er lánið er ve í og tekur því alla áhættu og hugsanlegan hagnað er verða kann gengisbreytingu íslensku krónunnar.

Greind kaup skulu miðuð við 1. sept. 1966, enda tekur kaup við hinu selda þann dag og hirðir allan arð af því, enda allt í hans ábyrgð frá þeim tíma.

Kaupanda hefir verið afhennt ljósrit af uppboðsafsali því er seljandi fékk fyrir hinu selda hinn 16. þ.m.

Standi kaupandi eigi við framangreindan kaupsamning í ein og öllu skal seljanda heimilt að rifta honum og krefjast skal þó eða halda samningnum uppá kaupanda og krefjast skaðabóta.

Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþing Reykjavíkur, án tillits til búsetu aðila.

Tilstaðfestu ofanskráðu eru nöfn kaupanda og seljanda undirrituð.

Reykjavík, 31. ágúst 1967

f.h. Oddafell h/f